

Lag: You're the Reason Why <https://www.youtube.com/watch?v=TriBPZL3WL8>

Gott kvöld góðir áheyrendur. Ég heiti Björgvin Rúnar Leifsson og þetta er þáttur um Pink Floyd.

Uppruna Pink Floyd má rekja til þess þegar Clive Metcalfe (bassi) og Keith Noble (söngur) stofnuðu skólahljómsveitina Sigma 6 í The London School of Polytechnics veturinn 1962-63 og fengu til liðs við sig Roger Waters (gítar), Nick Mason (trommur), Richard Wright (hljómborð), Sheila Noble (söngur) og Juliette Gale (söngur). Þau fengu Ken Chapman til liðs við sig sem lagahöfund og umboðsmann og hann kynnti þau m.a. sem The Architectural Abdabs þennan vetur.

Í bók sinni, Inside Out, segir Nick Mason að fyrstu kynni hans og Roger Waters hafi verið á þá leið að Waters þurfti að fá lánaðan bíl en Mason hafði það sér til ágætis að eiga Austin Seven árgerð 1930. Mason segir enn fremur frá því að fyrstu kynni Waters og Richard Wright hafi orðið þegar Waters bað Wright um sígarettu, sem Wright þverneitaði. Mason, sem greinilega er húmoristi, bætir við að þetta hafi verið lýsandi dæmi fyrir goðsagnakennda gjafmildi Wright. Sagan segir reyndar að Waters hafi sest á borðendann þar sem Wright var að vinna og teygt sig í og opnað nýjan pakka um leið og hann bað um sígarettuna. Úr því að ég minntist á húmor Masons má geta þess að uppáhaldsbrandarinn hans er um drenginn, sem segir við móður sína að hann ætli að verða trommari þegar hann verði fullorðinn og móðirin svarar að bragði að hann geti ekki gert hvoru tveggja.

Mason segir enn fremur að PF hafi orðið til úr tveimur vinahópum, sem sköruðust. Annars vegar var það bernsku- og æskuvinahópur frá Cambridge, þeir Waters, Roger (Syd) Barrett og David Gilmour og má hér bæta við að það var Gilmour, sem kenndi Barrett á gítar. Hins vegar voru það þeir þrír sem að ofan er getið og kynntust á ofangreindan hátt á 1. ári í Polytechnics en það er pínulítið óljóst af frásögn Mason hvort Sigma-6 byrjuðu fyrir eða eftir áramótin 62-63.

Strax haustið 1963 hættu Clive og Keith (til að reyna fyrir sér sem dúett). Sheila hætti líka og Juliette sömuleiðis en hún giftist síðar Wright. Afgangurinn af hljómsveitinni, þ.e. Roger, Rick og Mason, fengu þá til liðs við sig Mike nokkurn Leonard, sem m.a. hafði það sér til ágætis að eiga (og spila á) píanó og geta skaffað æfingahúsnæði. Það er líklega

þennan vetur, sem hljómsveitin byrjaði að kalla sig the Tea Set.

September 1964 gekk Bob Klose til liðs við bandið. Þar sem hann var alvöru gítarleikari lá leið Roger Waters niður á við á bassann (eins og hann orðaði það sjálfur). Mason tekur reyndar sterkar til orða þegar hann segir að það var eins gott að leið Waters lá ekki neðar en á bassann því að þá hefði leið hans sjálfs legið út úr bandinu. Bob gat einnig útvegað hljómsveitinni söngvara, Chris Dennis, sem varð þar með andlit hljómsveitarinnar út á við. Hann staldraði hins vegar mjög stutt við því að síðar sama haust, þegar hljómsveitin fékk Roger 'Syd' Barrett til liðs við sig, var hann látinn fara, líklega vegna þess að pólitískar hugmyndir hans fóru ekki saman við hugmyndir Waters og Masons (og líklega Wrights). Mason segir að Syd hafi komið á æfingu í húsi Mike Leonard (sem þá var hættur að spila með bandinu), hlustað og sagt: "Já, þetta hljómaði vel en ég sé ekki hvað ég ætti að gera í bandinu". Mason tekur reyndar af allan vafa: "It was very much a case of Syd joining us, rather than him recruiting a band."

Hljómsveitin fór í stúdíó í fyrsta skipti í desember 1964 og tók m.a. upp löggin "Double O Bo", "Butterfly" og "Lucy Leave", öll eftir Barrett, en þau voru aldrei gefin út á plötu. Á sama tíma fékk Richard Wright gefið út lag eftir sig, "You're the Reason Why" en það kom út á B-hlið 45 snúninga plötunnar "Little Baby" með hljómsveit, sem kallaði sig Adam, Mike & Tim. Wright varð þannig fyrstur allra meðlima Tea Set til að fá efni eftir sig gefið út á plötu og það er einmitt lagið, sem þið heyrðuð í upphafi þáttarins. Nú skulum við hins vegar heyra "Lucy Leave". Í þáttum sínum um PF á síðnum tíma sagði ÓTG að þetta væri eina lagið þar sem gítarleikur Bob Close heyrðist en mér þykir frekar ólíklegt að hann hafi spilað undir í þessu eina lagi í stúdíóinu þar sem nokkur lög voru tekin upp í einu.

Lag: Lucy Leave (Fjarlægt af Youtube að beiðni PF vegna höfundarréttar)

Bob Klose hætti sumarið 1965 vegna ágreinings við Syd Barrett um tónlistarstefnu hljómsveitarinnar. Syd vildi færa tónlistina meira í átt að blús og sýrurokki en Bob var meira á jazzlínunni.

Líklega var það eftir að Bob hætti að the Tea Set átti að spila á tónleikum á gömlum RAF flugvelli, líklega Northolt fyrir utan London. Svo ólíklega vildi til að þar átti önnur hljómsveit að spila undir sama nafni og einhverra

hluta vegna kom það í hlut okkar manna að breyta nafninu í skyndi. Það var þá, sem Barrett stakk upp á nafninu The Pink Floyd Sound eftir fornöfnum amerískra blúsara, Pink Anderson og Floyd Council. Nafnið breyttist fljótlega í Pink Floyd en hljómsveitin varð heimsfræg með tímanum fyrir sitt sérstaka "The Pink Floyd Sound", sem Richard Wright átti mestan þátt í að móta.

Fyrstu tónleikarnir undir nafninu Pink Floyd voru haldnir snemma árs 1966 í Countdown Club í Palace Gate. Þeir spiluðu í 5 klst. með einni 20 mínútna pásu og fengu 15 sterlingspund fyrir.

Það var ekki fyrr en árið 1967, sem PF fóru að gefa út plötur. Þetta ár komu út 3 tveggja laga plötur og ein LP. Í mars 1967 kom sú fyrsta og þar var á fyrri hlið lagið "Arnold Layne" eftir Barrett. Lagið fjallar um klæðskiptinginn Arnold Layne, sem fær kikk út úr því að stela kvenundirfötum af þvottasnúrum í Cambridge, heimabæ Barrett og Waters. Mæður þeirra beggja leigðu út herbergi til ungra kvenna og það vildi bregða við að undirfötin hyrfu af snúrunum.

Lag: Arnold Layne <https://www.youtube.com/watch?v=WF-WFaunKaA>

12. maí 1967 hélt hljómsveitin fræga tónleika í Queen Elisabeth Hall, sem venjulega var aðeins notuð fyrir klassískan tónlistarflutning. Tónleikarnir voru auglýstir undir nafninu Games for May og Barrett bjó til lag með því nafni en breytti því á síðustu stundu í "See Emily Play". Smáskífan náði miklum vinsældum og var sú vinsælasta, sem hljómsveitin gaf út þar til Another Brick in the Wall, part 2, kom út á smáskífu 12 árum síðar.

Lag: See Emily Play <https://www.youtube.com/watch?v=F94vHO7okZQ>

Hvorugt þessara laga náði inn á stóru plötuna. Það gerði heldur ekki lag Richard Wright, "Paintbox", sem kom út á smáskífu í nóvember þetta sama ár.

Lag: Paintbox <https://www.youtube.com/watch?v=7HkQvhoymTc>

Fyrsta LP plata, "The Piper at the Gates of Dawn", kom út 5. ágúst 1967. Þar voru 11 lög, þar af 8 eftir Barrett, eitt eftir Waters og tvö, sem þeir eru allir skrifaðir fyrir. Fyrsta lag plötunnar, "Astronomy Domine", er klassískur PF smellur og lýsandi fyrir textasmíð Barretts.

Lag: Astronomy Domine <https://www.youtube.com/watch?v=pJh9OLIXenM>

Fimmta lag plötunnar heitir "Pow R. Toc H." og er eftir þá alla fjóra. Þó að það sé tiltölulega stutt má kannski segja að það gefi tóninn fyrir það sem á eftir kom í prógressívum tónsmíðum hljómsveitarinnar

Lag: Pow R. Toc H. <https://www.youtube.com/watch?v=Wv2tII6NBWA>

Sjötta lag plötunnar er "Take Up thy Stethoscope and Walk" og er eftir því sem ég best veit fyrsta lagið, sem Roger Waters samdi og fór á plötu.

Lag: Take up thy Stethoscope and Walk <https://www.youtube.com/watch?v=uMm23jTs01k>

Sjöunda lagið er "Interstellar Overdrive" eftir alla fjóra. Hér er um að ræða lag, sem er lýsandi fyrir impróvískar og prógressívar tónsmíðar Pink Floyd á Barrettímanum. Það er 9 mínútur og 40 sekúndur í flutningi á plötunni en lengsta tónleikaútgáfan er meira en 16 mínútur að lengd.

Lag: Interstellar Overdrive <https://www.youtube.com/watch?v=4o2sA0vpA-4>

Áttunda lag plötunnar er "The Gnome" eftir Barrett. Hér er um að ræða týpískt Barrett lag og texta. Ástæða þess að ég tek það með er að íslensk hljómsveit, sem starfaði á þessum tíma, Facon frá Bíldudal, gerði íslenskan texta við lagið og gaf út á 4ra laga plötu árið 1969. Við skulum nú hlýða á báðar útgáfunar.

Lög:

The Gnome <https://www.youtube.com/watch?v=YKnHbPKE2FU>

Vísitölufjölskyldan [https://www.youtube.com/watch?v=iKLbT\\_-XKGw](https://www.youtube.com/watch?v=iKLbT_-XKGw)

Árið 1967 gerði Peter Whitehead kvikmyndina "Tonight Let's All Make Love in London", en uppistaða myndarinnar voru uppákomur, tónleikar og viðtöl við Pink Floyd þó að öðrum listamönnum sæi einnig bregða fyrir, svo sem John Lennon og Mick Jagger. Lögin í myndinni hafa nokkrum sinnum verið gefin út á plötum en árið 1995 kom út tveggja laga diskur, sem hét einfaldlega London 66-67. Þar er Interstellar Overdrive eins og PF flutti það í myndinni og þar er enn fremur "Nick's Boogie" úr sömu mynd en mér er ekki kunnugt um að það sé til á öðrum diskum eða plötum, sem PF hafa gefið út. Lagið er eftir þá alla og mér finnst við hæfi að enda þennan þátt um Barrett tímabilið á þessu lítt þekkta lagi, sem þó er svo

dæmigert fyrir tímabilið í heild.

Ég heiti BRL og veit eitthvað þínulítið um Pink Floyd. Ég þakka þeim sem hlýddu og óska ykkur öllum ánægjulegra stunda.

Lag: Nick's Boogie

<https://www.youtube.com/watch?v=cE4J40hwRoU>

© Björgvin R. Leifsson 2013